

Rannsóknir á sprautusteypu með umhverfisvænum basalttrefjum í stað notkunar á plasttrefjum. Iveta Nováková, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Eyþór Þórhallsson, Háskólinn í Reykjavík - mars 2019. (Skýrslan er rituð á ensku).

Markmið verkefnisins var að hanna umhverfisvæna sprautusteypu þar sem basalttrefjar væru notaðar í stað plast eða stáltrefja. Gerðar voru rannsóknastofuprófanir á nokkrum gerðum af sprautusteypu með mismunandi trefjum og blöndur svo endurhannaðar í framhaldi af því. Verkefninu var skipt í nokkra verkþætti, sem gerð er grein fyrir í skýrslunni. Skrifaðar hafa verið greinar og veggspjöld gerð um mismunandi verkþætti og er það birt í viðauka skýrslunnar.

Rannsóknastofuprófin gefa til kynna að hægt er að hanna sprautusteypu með basalttrefjum sem gefur svipaðar niðurstöður og ef notaðar eru plast eða stál trefjar. Niðurstaðan er því sú að ekkert sé í vegi fyrir því að nota basalttrefjar. Ekki reyndist þó unnt að gera athuganir á umhverfislegum áhrifum af þessu, þar sem fjármagn var ekki nægilegt til þess.